

Þriðjudaginn 5. júní 1990.

Nr. 68/1990. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Kristínu Ástríði Pálsdóttur

(Stefán Pálsson hrl.).

Manndráp af gáleysi. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Bjarni K. Bjarnason, Guðrún Erlendsdóttir og Haraldur Henrysson.

Héraðsdómi var af hálfu ákærvalds skotið til Hæstaréttar með stefnu 19. febrúar 1990 til sakfellingar samkvæmt ákæru, þyngingar á refsingu og til sviptingar ökuréttinda.

Ákærða krefst sýknu af kröfum ákærvalds.

Fram er komið, að strætisvagninn, sem ákærða ók, var búinn ónegldum snjóhjólbörðum.

Staðfesta ber sakarmat héraðsdómara. Varðar háttsemi ákærðu við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 2. mgr., stafliði a, h og k, 36. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 100. gr. umferðarlaga þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Með vísan til 101. gr. umferðarlaga verður ákærðu ákveðin öku-leyfissvipting í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað málsins svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Kristín Ástríður Pálsdóttir, sæti varðhaldi í 30 daga, en fullnustu refsingarinnar skal fresta og hún niður falla að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi

ákærða almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærða er svipt rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærða greiði áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 35.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmans, 35.000 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðrúnar Erlendsdóttur hæstaréttardómara.

Ég tel, að staðfesta beri hinn áfrýjaða dóm með vísan til forsendna hans og dæma ríkissjóð til að greiða áfrýjunarkostnað málsins.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. desember 1989.

Ár 1989, miðvikudaginn 13. desember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 621/1989: Ákærvaldið gegn Kristínu Ástriði Pálsdóttur, sem tekið var til dóms 7. desember sl.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 17. ágúst sl., á hendur ákærðu, „Kristínu Ástriði Pálsdóttur, Hátúni 39, Reykjavík, kennitala 230638-2259, fyrir að aka, fimmtudaginn 19. janúar 1989, strætisvagninum R-14116 í hálku norður Kaplaskjólsvog í Reykjavík án nægjanlegrar aðgæslu og of hratt miðað við aðstæður, með þeim afleiðingum að Jórunn Ingvarsdóttir, fædd 24. október 1910, sem gekk austur yfir götuna varð fyrir vagninum, gegnt húsi nr. 67. Við þetta hlaut Jórunn mikla áverka á höfuð og brjósthol, sem leiddi til dauða hennar þann 25. febrúar 1989.

Telst þetta varða við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 2. mgr., staflíði a, h og k, 36. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.

Þess er krafist að ákærða verði dæmd til refsingar, til sviptingar ökuréttinda samkvæmt 101. gr. umferðarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Samkvæmt skýrslu Magnúsar G. Arnessonar lögreglumanns í Reykjavík barst lögreglu kl. 13.30 hinn 19. janúar sl. tilkynning um, að umferðarslys

hefði átt sér stað við Kaplaskjólsvæg 67. Þar hafði gangandi vegfarandi, Jórunn Ingvarsdóttir, fædd 24. október 1910, orðið fyrir strætisvagninum R-14116. Hafði vagninum verið ekið norður götuna og Jórunn, sem var á leið austur yfir hana, lent framan á vagninum, vinstra megin við miðju, og dregist um 4 metra með honum. Er að var komið, lá Jórunn skorðuð á hliðinni innan við vinstra framhjól vagnsins. Kom sjúkrabifreið með lækni innanborðs á vettvang, og var Jórunn, sem var mikið slösuð, lögð inn á gjörgæsludeild Borgarspítalans.

Samkvæmt lögregluskýrslu var dagsbirta greint sinn, en skýjað. Hálsa var á malbikuðu yfirborði götunnar, sem var þakið snjó.

Á vettvangi mældust hemlaför vagnsins 19,6 m eftir hægri hjól og 18,6 m eftir vinstri hjól. Vagninn var hemlaprófaður á vettvangi á 40 km hraða miðað við klukkustund, og mældust þá hemlaför eftir hægri hjól 16,8 m og vinstri 12,9 m. Þá var vagninn skoðaður af bifreiðaeftirlitsmanni. Í skýrslu hans um skoðunina segir, að hjólbarðar vagnsins hafi verið ónegldir, en góðir, rúður hafi verið hreinar og rúðupurrkur og flauta í lagi. Við hemlaprófun á verkstæði Strætisvagna Reykjavíkur reyndust hemlar vagnsins vera í lagi. Við meðferð málsins upplýsti bifreiðaeftirlitsmaðurinn, að er hemlaprófun hafi farið fram á vettvangi, hefði mótstaða á götunni fyrir vinstri og hægri hjól verið mismikil og skýri það ójöfn hemlaför á vettvangi.

Í vottorði Veðurstofu Íslands um veður kl. 12 umræddan dag segir, að vindátt hafi verið suðsuðvestan 7 vindstig, el hafi verið á síðustu klukkustund, skyggni 30 km og hitastig $\div 2,8\text{ }^{\circ}\text{C}$. Í sama vottorði segir, að kl. 15 sama dag hafi verið sunnan 7 vindstig, el hafi verið á síðustu klukkustund, skyggni 30 km og hitastig $\div 1,5\text{ }^{\circ}\text{C}$.

Jórunn Ingvarsdóttir lést hinn 25. febrúar sl. af völdum áverka þeirra, er hún hlaut í slysinu. Segir í krufningarskýrslu, að áverkar hafi verið mestir á höfði og brjósthóli. Þá sýndi krufningin heilamar, og segir, að sú skemmd, ásamt öndunarerfiðleikum, hafi valdið dauða hennar.

Ákærða, Kristín Ástriður Pálsdóttir, ók vagninum umrætt sinn norður Kaplaskjólsvæg. Kveðst ákærða ekki hafa litið á hraðamælinn, en telur, að hraðinn hafi verið um 40 km og þá hafi mikil hálsa verið á götunni. Ákærða kveðst hafa séð Jórinni ganga út á akbrautina í austurátt, en veit ekki, hve langt var í hana, er hún kom auga á Jórinni. Er ákærða hafi séð, að Jórunn hélt rակleidis út á akbrautina og virtist ekki hafa orðið vör við strætisvagninn, kveðst ákærða hafa flautað. Hafi þá verið þó nokkur vegalengd milli vagnsins og Jórunnar. Hafi Jórunn haldið áfram og ákærða þá hemlað og sveigt vagninn til hægri til að forða (sic) því, að hann lenti á henni. Það hafi ekki tekist og Jórunn lent framan á vagninum vinstra megin.

Ákærða tók fram við meðferð málsins, að hemlunarmæling á vettvangi hefði farið fram án farþega, en hemlunarvegalengd sé lengri eftir því, sem strætisvagninn sé þyngri.

Vitnið Pétur Þormar kveðst hafa setið fremst hægra megin í strætisvagninum greint sinn. Er vagninum var ekið norður Kaplaskjólsvæg, kveðst vitnið hafa séð konu fram undan, og hafi hún gengið hokin austur yfir götuna. Hafi vagnstjórinn flautað tvisvar til þrisvar, tímanlega að mati vitnisins, en konan ekki virst taka eftir því, hvorki litið til hægri né vinstri og haldið ótrauð áfram. Hafi vagninn ekki verið á mikilli ferð, í mesta lagi 40 km hraða miðað við klukkustund, og er vitnið hafi fundið, að hann rann eftir akbrautinni, hafi það skynjað, hve hálfan hafi verið mikil, og er vagninn hafi hafnað á konunni, hafi ferð hans verið orðin mjög litil og vitnið álitíð, að þarna hefði ekki orðið neitt stórslys.

Vitnið Ásta Jónsdóttir kveðst hafa setið mjög aftarlega í strætisvagninum, er honum var ekið norður Kaplaskjólsveginn, og ekkert hafa orðið vart við konuna, fyrr en vagninn lenti á henni. Kveðst vitnið hafa orðið vart við að vagnstjórinn hemlaði, og hafi komið hlykkur á vagninn við það. Fannst vitninu vagninn renna lengi, áður en hann staðnæmdist. Vitnið kveðst ekki geta sagt til um hraða vagnsins, en því hafi fundist honum vera ekið létt miðað við þá hálku, sem verið hafi á götum.

Vitnið Hjalti Már Einarsson kveðst hafa setið fremst hægra megin í vagninum. Kveðst vitnið hafa orðið vart við konuna, rétt áður en vagninn lenti á henni. Hafi konan gengið fremur hratt áleiðis yfir götuna og hún verið með hatt á höfði og hvorki litið til hægri né vinstri. Hafi vagnstjórinn flautað og flautað og síðan hemlað rétt á eftir, en vagninn runnið í hemlunum á konuna. Kveður vitnið, að vagninn hafi, að mati vitnisins, ekki verið á mikilli ferð, er honum hafi verið hemlað.

Niðurstaða.

Á vegarkafila þeim, er slysið varð, er hámarkshraði 50 km á klukkustund, miðað við bestu hugsanlegar aðstæður. Fyrir liggur í málinu, að mikil hálka og snjór var á götunni, er atburðurinn átti sér stað. Ákærða kveðst hafa ekið vagninum á 40 km hraða miðað við klukkustund. Samkvæmt niðurstöðu hemlunarmælingar á vettvangi mældust hemlaför eftir hægri hjól 19,6 m og 18,6 m eftir vinstri. Er hemlaför voru mæld á vettvangi og vagninum hemlað á 40 km hraða miðað við klukkustund, mældust hemlaför eftir hægri hjól 16,8 m og 12,9 m eftir vinstri. Samkvæmt framansögðu er sannað, að ákærða hefur greint sinn ekið strætisvagninum R-14116 norður Kaplaskjólsvæg, í hálku, of hratt miðað við aðstæður og án nægjanlegrar aðgæslu, með þeim afleiðingum, sem í ákæru, greinir. Varðar þessi háttsemi ákærðu við 215. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940

og 1. og 2. mgr., staflíði a og k, 36. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987. Á hinn bóginn þykir ljóst af framburði ákærðu og vitna, að Jórunn heitin hafi sýnt af sér þó nokkurt gáleysi með því að ganga rakleitt út á akbrautina án þess að gæta að umferð og hún með því orðið meðvöld að því, hvernig fór.

Sakaferill.

Samkvæmt sakavottorði ákærðu hefur hún aldrei sætt refsingu.

Refsing.

Ákærða hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 215. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga, og verður refsingin ákveðin með hliðsjón af 77. gr. fyrrnefndra laga. Þykir refsing ákærðu hæfilega ákveðin 40.000 króna sekt, sem gjaldist í ríkissjóð innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en afplánist ella með varðhaldi 15 daga.

Ökuréttindasvipting.

Samkvæmt 1. mgr. 101. gr. umferðarlaga skal svipta mann rétti til að stjórna vélknúnu ökutæki, sem ökuskirteini þarf til, ef hann hefur orðið sekur um mjög vítaverðan akstur eða ef telja verður, með hliðsjón af eðli brotsins eða annars framferðis hans sem ökumanns, varhugavert vegna öryggis umferðarinnar, að hann hafi ökuréttindi.

Ekki þykir sýnt af gögnum málsins, að ákærða, sem aldrei hefur sætt refsingu af neinu tagi, hafi orðið, þrátt fyrir gáleysi, ber að svo vítaverðum akstri, að telja verði varhugavert vegna umferðaröryggis, að hún hafi ökuréttindi. Þykir því bera að sýkna ákærðu af kröfu ákæruvaldsins um ökuréttindasviptingu.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærðu til þess að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærðu, Stefáns Pálssonar hæstaréttarlögmans, sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Kristín Ástríður Pálsdóttir, greiði 40.000 króna sekt til ríkissjóðs innan 4 vikna frá uppkvaðningu dóms þessa, en sæti ella varðhaldi 15 daga.

Ákærða er sýknuð af kröfu ákæruvaldsins um ökuréttindasviptingu.

Ákærða greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Stefáns Pálssonar hrl., 40.000 krónur.